

168. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 31. janúar 2024 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson og Þuríður Lilly Sigurðardóttir, einnig Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Stefáns Boga Sveinssonar. Magnús Jónsson og Sigrún Birna Björnsdóttir boðuðu forföll og ekki náðist kalla inn varamenn fyrir þau. Auk þessu mættir áheyrnarfulltrúarnir: Eygló Björk Jóhannsdóttir f.h. foreldra, Sebastián Andri Kjartansson f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 167. fundar undirrituð og staðfest.
2. Gangurinn í skólastarfinu.
3. Fjármál og mótvægisáðgerðir.
4. Starfsmannamál vorannar.
5. Félagsmál nemenda – á döfinni.
6. Skóladagatal 2024-2025.
7. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 167. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 167. fundar var undirrituð og staðfest. Formaður minnti á áform um að taka upp rafræna undirritun til hagræðis.

2. Gangurinn í skólastarfinu

Skólameistari sagði frá starfinu frá því í nóvember þegar fundað var síðast. Námið hefur gengið vel. 18 nemendur útskrifuðust í desember. Vorönn hófst 3. janúar og styttist í spanarskil. Heimavistarlífið gengur ágætlega og félagslífið einnig.

3. Fjármál og mótvægisáðgerðir

Haldinn var starfsmannafundur á mánudeginum 22. janúar þar sem sparnaðargerðir voru kynntar. Skólameistari sagði frá og sýndi glærur sem farið var yfir á fundinum með starfsmönnum. Þar var farið yfir aðgerðir til að mæta fjárhagsvanda skólans. Halli ársins 2023 verður líklega um 40 milljónir sem bætist þá við uppsafnaðan halla síðustu ára. Stór hluti af vandanum er vegna langtímeikinda starfsmanna sem ríkið tekur engan þátt í að mæta. En ráðuneytið hefur hins vegar gert athugasemdir við mikla yfirvinnu í stofnuninni. Við því hefur verið brugðist með því að draga saman í fjarnáminu þar sem fjarkennsla er greidd í yfirvinnu til kennara. Það hefur þó leitt til þess að skólinn framleiðir ekki nógu marga ársnemendur. Liður í aðhaldsaðgerðum er að segja upp fjarkennslusamningi við kennara frá og með 1. maí. Frá og með næsta hausti verða fjarnemendur og dagskólanemendur því jafnháir í vinnumati kennara sem dregur úr yfirvinnugreiðslum. Reynt verður að fylla í hópa með fjarnemendum. En til viðbótar við þetta er líklegt að þurfi að segja upp sem samsvarar 2 stöðugildum og verður það tilkynnt kringum 1. mars. Björn Gísli, fulltrúi kennara, sagði að eðlilega væri ekki gott hljóð í kennurum með uppsögn fjarkennslusamningsins. Mikið hafi verið lagt í að byggja upp fjarnám við skólann og aðsókn verið mikil. Við uppsögn samningsins hlyti kennslan að breytast. Kennarar hafa farið fram á að fjarkennslan verði vinnumetin svo að mat á vinnunni verði raunhæft. Ekkert slíkt mat hefur farið fram þó talað hafi verið þannig þegar vinnumat dagskólanemenda var tekið upp á landsvísu.

pls
[Handwritten signature]

Skólameistari tók undir að það yrði fagnaðarefni um allt land ef að vinnumat og meiri viðurkenning og meira samræmi kæmist á varðandi fjarkennslu í framhaldsskólum. En þar þyrfti ríkið að stíga inn. Fjarnám hefur verið fjöregg ME og er það ennþá og mikilvægt að það haldi velli. Skólameistari fór yfir rekstraráætlun til næstu þriggja ára og greinargerðina fyrir árið 2024 til ráðuneytisins þar sem þessar aðgerðir eru tíundaðar.

Skólanefnd lýsti yfir stuðningi við aðgerðir skólameistara til að koma böndum á viðvarandi hallarekstur en lagði jafnframt áherslu á að reynt yrði að auka aftur við í fjarkennslunni með haustinu til að ná upp í tilsettan ársnemendafjölda.

4. Starfsmannamál vorannar 2024

Frá og með 1. janúar er kennslustjóri fjarnáms í 75% starfi í stað 100% og bókasafnsvörður í 55% starfi í stað 85%. Bókasafnsvörðarstarfið og skrifstofustjórarstarfið verða sameinuð og mun bókasafnsvörður taka við því starfi 1. febrúar þegar Kristjana Valgeirsdóttir hættir vegna aldurs. Er þetta hluti af aðhaldsaðgerðum. Magnús Helgason, kennari við skólann til margra ára, lést að morgni 30. janúar en hann hafði verið veikur frá upphafi vorannar. Afleysing hans var leyst innanhúss. Ólöf Björk Bragadóttir er enn í veikindaleyfi. Starfsmannamál eru að öðru leyti óbreytt frá því á haustönn. Dagur Skírnir Óðinsson og Hildur Bergsdóttir eru í launalaus leyfi og Rannveig Þórhallsdóttir fer í launalaust leyfi næsta skólaár vegna doktorsnáms.

5. Félagslíf nemenda – á döfinni

Sebastían, fulltrúi nemenda, sagði frá félagslífinu en góður gangur hefur verið í því í vetur. Desinn tókst vel og nú er æft á krafti fyrir leiksýningu á Litlu hryllingsbúðinni í leikstjórn Jóels Sæmundssonar. Frumsýnt verður 14. febrúar í Sláturhúsinu. Málfundafélagið tók ekki þátt í Morfís þetta árið þar sem ekki fannst þjálfari. Fyrsta umferðin í Gettu betur hefur farið fram en liðið tapaði fyrir MÍ. Send hefur verið athugasemd til RUV vegna tæknilegra örðugleika í útsendingunni sem trúlega hafði áhrif á úrslitin. Miðvikudagsatburðir eru fastir liðir og farið er að huga að næsta balli. Háskóladagurinn verður snemma í mars. Grunnskólakynningar er byrjaðar en farið verður í alla grunnskóla sem hafa þegið boð um heimsókn.

6. Skóladagatal 2024-2025.

Skólameistari lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025. Skólanefnd samþykkti það fyrir sitt leyti.

7. Önnur mál


- Útskriftarefni vorsins eru um 50 talsins. Útskrifað verður í Valaskjálfi 18. maí.
- Skólameistari er byrjaður að ræða við nýjan hóteltjóra Beryaja um leigu heimavistar fyrir sumarhótel. Formaður skólanefndar mun taka þátt í því samtali á seinni stigum.
- Næsti fundur skólanefndar verður miðvikudaginn 3. apríl kl. 17.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.05.

Skúli Björn Gunnarsson



Þuríður Lillý Sigurðardóttir



Þorvaldur Þ. Hjarðar

